

hún hafi verið lögum samkvæm eða ekki, því þótt það yrði álitnið, að stefndi hefði misskilið lögin um þetta efni, þá heimilaði það ekki áfrýjanda að við hafa hin tilvitnuðu ummæli, sem rjetturinn verður að álita mjög ærumeiðandi bæði í sjálfu sjer og sjerstaklega þar sem þau eru við höfð um embættismann.

Yfirdómurinn verður því að vera undirdómaranum samdóma um, að áfrýjandinn hafi brotið gegn 217. og 218. gr. hegningarlaganna, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin af undirdómaranum með hliðsjón af 58. og 60. gr. sömu laga 100 kr. sekt til landssjóðs, eða einfalt fangelsi í 30 daga, sje sektin eigi greidd í ákveðinn tíma, eins og að hann líka verður að fallast á það, sem að öðru leyti, og þar á meðal um málskostnað, er ákveðið í undirdóminum.

Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda einnig að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 20 krónur.

Að því málið er flutt með gjafsókn í hjeraði vottast, að rekstur þess hefur verið lögmatúr.

Því dæmist rjett að vera:

Dómi undirrjettarins í þessu máli skal óraskað. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi með 20 krónum. Hið ídæmda ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 15. septbrmán.

Nr. 12/1879

Rjettvísinn

gegn

Gunnari Björnssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað fyrir aukarjetti Norðurmúla-

sýslu gegn Gunnari Björnssyni, vinnupilti á Firði í Seyðisfirði, fyrir þjófnað, og er það löglega sannað undir rekstri málsins, bæði með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, að hann hafi 12. febr. þ. á. stolið 8 kr. 25 a. úr ólæstri peningaskúffu í búð Thostrups kaupmanns á Seyðisfirði á þann hátt, að hann settist upp á búðarborðið, teigði hendina inn yfir það og dró út peningaskúffuna, og náði úr henni peningum þeim, sem um var getið. Þegar hann framdi þjófnaðinn voru margir menn í búðinni bæði fyrir utan og innan diskinn, en enginn þeirra varð var við tiltektir hins ákærða nema 2 drengir, sem staddir voru í búðinni. Af hinum stolnu peningum borgaði hann sama daginn 3 krónur upp í andvirði fyrir treyju, en 5 kr. 25 a. skilaði hann húsbónda sínum daginn eftir, þegar húsbóndi hans gekk á hann um þjófnaðinn; þessar 8 kr. 25 a. eru komnar til skila til eigandans. Hinn ákærði hefur stöðuglega borið fram, að hann hafi verið svo drukkin, þegar hann framdi þjófnað þennan, að hann ekki hafi vitað, hvað hann gjörði, og vitni þau, sem leidd hafa verið í málinu, hafa borið, að hann hafi verið drukkin við á minnst tækifæri; að vísu hefur vitnunum ekki alls kostar borið saman um, hvort hinn ákærði hafi verið svo drukkin, að hann væri með fullu ráði eða ekki, en eftir öllu því, sem fram er komið í málinu, virðist hann ekki hafa verið svo fullkomlega með sjálfum sjer, þegar hann drýgði þjófnaðinn, að honum verði gefin sök á honum til fullrar hegningar.

Undirdómarinn hefur eftir þessum málavöxtum rjettilega heimfært brot hins ákærða, sem er fæddur 18. marz 1862, og ekki hefur áður verið hegnt nje sætt ákæru fyrir neitt lagabrot, undir 230. gr. í hinum almennu hegningarlögum, samanborna við 38. og

40. gr. í sömu lögum, og virðist hegningin einnig hæfilega metin af undirdómaranum eptir 22. og 26. gr. hegningarlaganna til 5 daga fangelsis við venjulegt fangaviðurværi; ber því að staðfesta undirrettardóminn, einnig að því leyti, sem hann gjörir hinum ákærða að borga allan löglegan kostnað af málinu, þar á meðal málsvarnarlaun til svaramanns síns í hjerði 4 kr. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum 12 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjerði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmeitt.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrettarins á óraskaður að standa. Hinum ákærða Gunnari Björnssyni ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Jónssonar og Páls Melsteðs, 12 kr. til hvors, í málaflutningslaun.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudagin 22. septbrmán.

Nr. 1/1879

Christen Havsteen
 gegn
 Jóni Þorkellssyni

D ó m u r :

Með því að mál þetta er dæmt í hjerði af hlutaðeigandi sýslumanni með til kvöddum lögrjettumönnum eða meðdómsmönnum, en meðdómsmönnunum ekki